

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
C-HLUTI**

Lagareglur um fjármagnsmarkaðinn (100%)

Þriðjudagur 17. apríl 2007

Prófið er 7 blaðsíður

Leyfileg hjálpargögn: Lög, reglugerðir og reglur

Vinsamlegast gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri, munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Skrifið skýrum stöfum og ekki í löngu máli.

Spurningarnar hafa mismikið vægi. Gætið þess að verja tíma ykkar í samræmi við vægi spurninganna og leitist við að hafa lengd svara í samræmi við vægið.

Gangi ykkur vel!!

1. Spurning samtals 50% vægi (hver kross hefur 2,5% vægi).

Athugið að svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

Aðeins einn kross er réttur við hverja spurningu.

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- a) Verðbréfamiðlun samkvæmt 5. mgr. 14. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning.
- b) Verðbréfamiðlun samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er heimilt að sölutryggja í tengslum við útgáfu fjármálagerninga.
- c) Verðbréfamiðlun samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að annast eigna- eða fjárstýringu.
- d) Rekstrarfélagi er heimilt að annast eignastýringu.

2. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- a) Fjárfestum er heimilt að skila inn röngum upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar um virks eignarhlut, ef það er afsakanlegt af þeirra hálfu.
- b) Fjárfestir getur ekki tryggt sér kauprétt gagnvart þriðja aðila að virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki án þess að afla fyrirfram samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
- c) Fjárfestir sem ætla að eignast virkan hlut í fjármálafyrirtæki má ekki vera eigandi virks eignarhlutar í öðru fjármálafyrirtæki.
- d) Æskilegt er að stærstu hluthafar fjármálafyrirtækja hafi til að bera þekkingu á fjármálastarfsemi.

3. Stjórnsýslulögin gilda:

- a) Þegar kauphöll tekur ákvörðun um að beita kauphallaraðila eða útgefanda viðurlögum.
- b) Þegar kauphöll synjar um aðildarsamning eða skráningu verðbréfa.
- c) Þegar kauphöll semur almenn stjórnvaldsfyrirmæli fyrir útgefendur og kauphallaraðila.
- d) Alltaf þegar kauphöll tekur ákvarðanir varðandi útgefanda eða kauphallaraðila.

4. Skráning fjármálagerninga á safnreikninga (safnskráning):

- a) Veitir hluthafanum rétt til að veita öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt.
- b) Færir hluthafnum ekki rétt til arðs og rétt til nýrra hluta þar sem eigandinn er ekki skráður í hlutaskrá félagsins.
- c) Er öllum fjármálafyrirtækjum heimilt.
- d) Hefur áhrif við mat á því hvort tilskilið hlutfall atkvæða hefur náðst á hluthafafundi.

5. Við almennt útboð:

- a) Leitar almenningur að fyrri bragði til fjármálafyrirtækis með kaupóskir um verðbréf.
- b) Eru verðbréf boðin almennt til sölu.
- c) Eru verðbréf boðin tilteknum fjárfestum.
- d) Eru fjármálagerningar boðnir til sölu.

6. Kauphöll

- a) Ábyrgist að allar upplýsingar komi fram í lýsingum.
- b) Staðfestir lýsingar eftir að Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið þær.
- c) Staðfestir upplýsingar í lýsingum.
- d) Samþykkir form og efnisinnihald lýsinga

7. Hvaða fullyrðing er rétt:

- a) Ekki er skylda að taka tillit til hlutar á safnreikningi þegar flaggað er.
- b) Þegar flöggunarskylda myndast ber útgefanda að flagga þegar í stað.
- c) Reglur um flöggun gilda fyrir félag skráð í kauphöll og á skipulegum tilboðsmarkaði.
- d) Fjármálafyrirtæki þurfa aldrei að flagga veltubókarviðskiptum.

8. Samkvæmt 8. tl. 33. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti

- a) Skal aðili flagga á samningsdegi en ekki þegar kauprétturinn er nýttur
- b) Skal aðili flagga þegar hann nýtir kaupréttinn en ekki á samningsdegi
- c) Skal aðili flagga þegar uppgjör fer fram.
- d) Ekkert ofangreint á við.

9. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt?

- a) Fruminnherji má alltaf eiga viðskipti ef regluvörður heimilar honum það.
- b) Fruminnherji verður að þekkja sjálfur efni innherjaupplýsinganna áður en hann tekur ákvörðun um að eiga viðskipti.
- c) Fjárhagslega tengdir aðilar fruminnherjanum þurfa ekki að sækja um leyfi sjálfir til viðskipta hjá regluverði.
- d) Rannsóknarskyldan á við alla innherja skráðs félags.

10. Tímabundnir innherjar

- a) Mega ekki eiga viðskipti fyrr en þeir hafa verið teknir af listanum um tímabundna innherja.
- b) Geta aðeins verið utanaðkomandi ráðgjafar útgefanda.
- c) Þurfa að sinna rannsóknarskyldunni áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf útgefanda.
- d) Bæði a) og b).

11. Verðbréfasjóðir

- a) Gefa eingöngu út hlutdeildarskírteini.
- b) Eru lögaðilar.
- c) Eru alltaf hlutafölag.
- d) Ekkert ofangreint á við.

12. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Verðbréfamistöð er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi.
- b) Ef bréf í sama verðbréfafloki eru skráð í fleiri en einni verðbréfamistöð þá verður að tryggja að réttindi yfir hverju rafbréfi séu skráð í öllum verðbréfamistöðum.
- c) Óheimilt er að eignarskrá réttindi til bráðabirgða ef dómsmál hefur verið höfðað.
- d) Útgefendur geta gert aðildarsamning við verðbréfamistöð.

13. Eftirlit:

- a) Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að kauphöll fari eftir reglum sínum.
- b) Kauphöllin fer með ákveðið eftirlit samkvæmt lögum og reglum.
- c) Kauphöllin framvísar málum vegna brota á reglum Kauphallarinnar til Fjármálaeftirlitsins.
- d) Bæði a) og b).

14. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- a) Stutt og greinargóð samantekt vegna grundvallareinkennis og áhættu útgefanda skal alltaf að fylgja lýsingu.
- b) Upplýsingar í lýsingu skulu vera nægjanlegar svo fjárfestar geti tekið upplýsta fjárfestingaákvörðun á grundvelli hennar.
- c) Útgefandi þarf að viðhalda þeim verðmótandi upplýsingum sem hann setur fram í lýsingu.
- d) Upplýsingar í lýsingu eiga að leiða til réttar verðmyndunar.

15. Skyldubundin yfirtökutilboð er hægt að skilyrða við að:

- a) Að tilboðsgjafi eignist tiltekið lágmark hlutfjár.
- b) Að hluthafafundur samþykki hækkun hlutfjár.
- c) Að tiltekin fjárhagsleg markmið náist.
- d) Ekki er hægt að skilorðsbinda skyldubundin yfirtökutilboð með þessum hætti.

16. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- a) Stjórn útgefanda ber að tilkynna framkomnið yfirtökutilboð starfsmönnum útgefanda.
- b) Yfirtekna félagið tilkynnir strax til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar ef yfirtökutilboð hefur verið lagt fram í það.
- c) Skyld er að afskrá félag í kjölfar yfirtöku.
- d) Bæði b) og c).

17. Sá aðili sem leggur fram valfrjálst yfirtökutilboð:

- a) Verður að fylgja öllum ákvæðum VI. kafla laga nr. 33/2003.
- b) Hefur sömu heimildir til afmörkunar og skilyrðingar tilboðs og þegar um skyldubóð er að ræða.
- c) Og nær yfirráðum í kjölfar þess, verður að leggja fram skylduyfirtökutilboð.
- d) Verður að tryggja jafna meðferð hluthafa við tilboðið.

18. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Öll viðskipti allra innherja eru tilkynnt samdægurs til skipulegs verðbréfamarkaðar.
- b) Kauphallir teljast samkvæmt lögum nr. 34/1998 um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði vera opinberar, viðurkenndar og reglulegar.
- c) Kauphöll samþykkir tilboðsyfirlit og úrskurðar um vafaatriði varðandi samstarf aðila samkvæmt 2. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.
- d) Fjármálafyrirtæki getur rekið markaðstorg.

19. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Utankauphallarviðskipti þarf ekki að tilkynna í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.
- b) Aðilar að utankauphallarviðskiptum geta samið um annan uppgjörstíma en þann sem gildir í Kauphöll Íslands (T+1).
- c) Markaðsaðilar bera eingöngu ábyrgð á eigin viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.
- d) Allir starfsmenn markaðsaðila sem vinna að miðlun mega eiga viðskipti í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.

20. Sala á óskráðum verðbréfum

- a) Er alltaf óheimil til almennings.
- b) Er alltaf háð því að lagt sem mat á einstaklingsbundnar forsendur viðskiptavinarins í hvert skipti.
- c) Er alltaf óheimil milli tveggja fagfjárfesta nema lagt hafi verið mat á fjárhagslega styrk þeirra, fjárhag og reynslu.
- d) Ekkert ofangreint á við.

2. Spurning, 5%

Helgi á 21 % í félagi A sem er skráð í hina nýju OMX Kauphöll á Íslandi. Helgi sér mikla möguleika fyrir A nú þegar það er orðið hluti af OMX listanum og vill Helgi bæta við hlut sinn án þess þó að verða yfirtökuskyldur. Hann vill helst ekki að Yfirtökunefndin úrskurði í málinu.

Félag B sem hann er framkvæmdastjóri í á 6% hlut í A og eiginkona hans til margra ára á 4% í A. Synir hans tveir eiga báðir hlut í A, sá yngri 4 % og sá eldri 2%. Sá yngri er orðin 21 árs og býr enn heima en sá eldri er löngu fluttur að heiman en bræðurnir eiga engin svona viðskipti nema ræða við karl föður sinn áður og gera í raun ekkert nema ráðfæra sig við hann áður. Faðir Helga sem er orðin gamall og lætur Helga alveg um sín fjármál, þótt sá gamli velji sjálfur sínar fjárfestingar, býr hjá þeim hjónum og á 2% í A.

Helgi yrði þó alveg sáttur við að verða yfirtökuskyldur þar sem félag C í hans eigu hefði fjárhagslegt bolmagn til að fjármagna yfirtökuna auk þess gæti hann alltaf sett það skilyrði fyrir yfirtökunni að hluthafafundur C myndi samþykkja hlutfjárhækkun til að þess að geta örugglega greitt alla hina hluthafana í A út. Helgi gæti síðan gert það sem hann vildi við A eftir að það yrði sjálfkrafa afskráð úr Kauphöllinni í kjölfar yfirtökunnar.

Yrði Helgi yfirtökuskyldur ef hann yki við hlut sinn í A? Hvaða önnur sjónarmið koma hér til skoðunar?

3. Spurning, 5%.

Arnar er fruminnherji í félagi. Áður en hann á viðskipti með hluti í félaginu þá þarf hann víst að fá leyfi hjá regluverðinum sem honum finnst fáránlegt. Honum finnst að ef hann veit ekki um neinar innherjarupplýsingar hjá félaginu þá eigi hann bara að geta verslað að vild. Svo vill regluvörðurinn aldrei segja honum hvaða innherjarupplýsingar séu til staðar í félaginu þegar svo ber undir. Arnar er nú einu sinni fruminnherji í félaginu og finnst að hann eigi rétt á að fá að vita svona lagað.

Getur þú útskýrt fyrir Arnari hver sé tilgangurinn með reglunni um rannsóknarskyldu fruminnherja, hvað felst í henni og hver sé hlutverk regluvarðarins í svona tilvikum?

4. Spurning, 5%.

Baldur heyrði því fleygt einhvers staðar að stjórn félags sem ætlar að skrá félagið í kauphöll beri ábyrgð á því lýsing innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar þannig að gefin sé fullnægjandi mynd af félaginu og bréfunum sem á að skrá í kauphöll. Þetta finnst Baldri ekki ganga upp. Venjulega koma stjórnarmenn aðeins saman einu sinni í mánuði og þá er bara um létt kaffiboð að ræða þar sem menn ræða daginn og veginn. Það er því alveg útilokað að stjórnarmenn geti sjálfir borið ábyrgð á lýsingunni þar sem þeir koma ekkert nálægt vinnunni í kringum hana.

Getur þú útskýrt fyrir Baldri hvaða skyldur hvíla á stjórn félags við gerð lýsingar þegar það ákveður að skrá félag í kauphöll? Getur þú einnig skýrt hvernig stjórn kemur að gerð lýsingar.

5. Spurning, 10%.

Magnús vinnur hjá fjármálafyrirtækinu Aur Group hf. hér í borg sem er skráð í Kauphöllina. Nýlega fékk hann bréf frá regluverði félagsins þar sem honum var tilkynnt að hann hefði verið skráður á

fruminnherjalista félagsins. Í bréfinu var óskað eftir því að hann upplýsti um aðila sem væru honum fjárhagslega tengdir. Magnús er ekki alveg viss hverja hann á að tilkynna sem fjárhagslega tengda aðila honum enda er hans fjölskylda flókin eins og margar íslenskar fjölskyldur. Hann tók saman lista yfir aðila sem koma til greina:

1. Alma, kærastan hans. Hún dvelur afar mikið heima hjá honum og fjármál þeirra hafa blandast ansi mikið saman undanfarna mánuði.
2. Ásta, dóttir hans. Hún er 12 ára og er nokkuð efnuð miðað við 12 ára barn en henni tæmdist arfur nýlega eftir afa sinn. Hún býr hjá mömmu sinni en þar sem hún býr í næstu götu þá er hún ansi oft hjá pabba sínum, sérstaklega þar sem afi og amma búa á hæðinni fyrir ofan og mamma ansi oft að vinna.
3. Anna, barnsmóðir hans. Þar sem Magnús er í vel launaðri vinnu en Anna ekki þá má segja að hún sé frekar fjárhagslega háð honum enda greiðir hann henni tvöfalt meðlag og gott betur en það auk þess sem hann reynir að aðstoða hana með eitt og annað þegar kemur að fjármálum.
4. Margrét, stjúpdóttir hans og dóttir Önnu. Margrét er 17 ára og á föður sem hún sér lítið. Magnús hefur því komið henni í föðurstað og haldið henni uppi fjárhagslega. Margrét á sitt eigið herbergi heima hjá Magnúsi.
5. Foreldrar Magnúsar, Páll og Ásta. Foreldrar hans eru aldraðir og sér Magnús alfarið um fjármál þeirra.
6. Aðalsteinn, fósturbróðir Magnúsar sem foreldar Magnúsar tóku í fóstur þegar Aðalsteinn var 3 ára en nú er hann 19 ára. Hann býr fyrir ofan Magnús og er mikill samgangur á milli þeirra.
7. KÚSK ehf. Eignarhaldsfélag í eigu vinar Magnúsar en Magnús situr í stjórn þess félags ásamt fjórum öðrum.
8. Blómarós ehf. Alma er framkvæmdastjóri félagsins.
9. HR Consulting Group hf. Félag sem Magnús veitir fjármálaráðgjöf stöku sinnum.
10. Verðbréfasjóðurinn Velta. Magnús er framkvæmdastjóri félagsins.

Aðstoðið Magnús við að ákveða hverjir eiga að fara á lista yfir fjárhagslega tengda aðila honum. Rökstyðjið svar ykkar fyrir hvern og einn aðila og vísið til lagareglna eftir því sem við á.

6. Spurning, 7,5%.

Ofangreindur Magnús tók nýlega við fjármálastjórástöðu í félaginu. Aur Group hf. hefur ákveðið að kaupa annað félag, Beck Ltd. og borga fyrir það m.a. með verðbréfum í sjálfum sér. Eigendur þess félags vilja hins vegar ekki samþykkja að taka verðbréfin sem greiðslu nema fá að sjá “bækur” félagsins. Magnús ákveður því að láta fulltrúa félagsins á lista yfir tímabundna innherja og veitir honum því aðgang að bókhaldi félagsins. Magnús sendir fulltrúanum bréf um að hann hefði verið látin á innherjalista og gerir honum grein fyrir réttaráhrifum þess. Aur Group hf. þarf einnig að fjármagna hluta kaupanna með reiðufé og hefur því samband við viðskiptabanka sinn og lætur fulltrúa bankans einnig á listann yfir tímabundna innherja. Fulltrúi bankans fær fullan aðgang að öllum gögnum félagsins sem skipta máli varðandi fjármögnunina. Á sama tíma er Magnús að vinna í ársuppgjöri félagsins sem félaginu ber að birta innan tíðar í Kauphöllinni. Magnús ýjaði að því við barnsmóður sína sem var blönk eina ferðina enn að nú væri rétti tíminn til að kaupa í Aur Group hf. Hann sagði ekkert meira en það og Anna gerði sér ekkert grein fyrir því að uppgjör félagsins væri framundan. Magnús taldi sig vera að gera Önnu greiða en hann hagnaðist ekkert á þessu sjálfur svo hann taldi þessa miðlun upplýsinga til Önnu vera allt í lagi. Aur Group hf. og Beck Ltd. komast síðan að samkomulagi um viðskiptin. Daginn eftir birtist ársuppgjör félagsins í fréttakerfi Kauphallarinnar og daginn eftir þann dag var fulltrúi Beck Ltd. tekin af listanum um tímabundna innherja.

Fjallið um framangreinda hegðun hvers og eins aðila út frá gildandi lagaákvæðum.

7. Spurning, 5%.

Í reglum sem gilda um skráningu hlutabréfa í kauphöll segir að viðskipti með bréfin skuli vera án takmarkana. Hvert er inntak og markmið þessara reglu, hvaða þýðingu hefur hún fyrir félag sem óskar skráningar í kauphöll og hvaða þýðingu hefur hún fyrir hluthafa félagsins?

8. Spurning, 5%.

Fjallið stuttlega um markaðsmisnotkun, hvað reglur um markaðsmisnotkun eiga að koma í veg fyrir og helsta muninn á milli markaðsmisnotkunar og innherjarsvika.

9. Spurning, 7,5%.

Fjallið um mun á verðbréfasjóðum, fjárfestingasjóðum, hlutabréfasjóðum og fagfjárfestasjóðum og fjallið sérstaklega um áhættuna sem fylgir hverjum sjóði fyrir sig.